

safna og skrásetja þessa tónlist. Í flestum tónsmíða hans má heyrja greinileg áhrif frá ungverskri þjóðlagatónlist og á það einnig við um *Sónötu fyrir einleiksfíðlu*. Fyrsti þátturinn, *Tempo di ciaccona*, er í sönötuformi en í honum má, eins og titillinn gefur til kynna, heyrja áhrif frá barokkdönsum, auk ungverskrar tónlistar bæði í hryg og tónmáli.

Belgíski fiðluleikarinn og tónskáldið **Eugène Ysa** e samdi *Sex sön-ötur fyrir einleiksfíðlu* í júlí 1923. Hann heyrði Ungverska fiðluleikarann Joseph Szigeti leika einleikssönötu í g-moll eftir Bach og hreyfst svo að hann ákvað að skrifa sex einleiksverk til að sýna þróun tónsmíða og fiðlutækni á þeim rúmu tveimur öldum sem liðnar voru síðan Bach skrifaði sín einleiksverk fyrir fiðlu. Ysa e til-einkaði sönöturarnar sex þeim ungu fiðluleikurum sem hann hafði mestar mætur á og lagði sig fram um að ná fram persónueinkennum þeirra í verkunum. Sónata nr. 4 í e-moll er tileiknuð Austurríkismanninum Fritz Kreisler. Í henni má heyrja áhrif frá verkum Bachs og í lokapættinum má einnig heyrja tilvitnanir í Praeludium og Allegro eftir Kreisler.

Hulda Jónsdóttir nam við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðar Listaháskóla Íslands og lauk diplómaprófi þaðan vorið 2009. Hún stundaði framhaldsnám við Juilliard tónlistarháskólann í New York og lauk B. Mus. gráðu síðastliðið vor. Þar naut hún handleiðslu Robert og Nicholas Mann og nú síðast David Chan, konsertmeistara Metropolitan óperuhljómsveitarinnar. Hún mun hefja frekara nám við Juilliard skólann í haust.

Hulda hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og ýmsum hljómsveitum á Íslandi, í Sviss og Mexíkó. Þá hefur hún leikið ein og í samleik með öðrum á Íslandi, beggja vegna Atlantshafsins og í Kína. Hún er félagi í Strengjasveitinni Skark og hefur komið fram með Axiom Ensemble Juilliard skólans.

Hulda er þess heiðurs aðnjótandi að leika á fiðlu, sem Vincenzo Sannino smíðaði um 1920, með boga eftir Victor Fétique. Hvoru tveggja hefur hún að láni frá Rachel Elizabeth Barton Foundation í Chicago, en hún hlaut afreksstyrk frá þeirri stofnun árið 2008. Síðastliðið vor hlaut hún styrk ársins 2013 úr Minningar-sjóði Jean Pierre Jacquillat.

Hulda Jónsdóttir

fiðluleikari



Johann Sebastian Bach hóf að semja *Sex sönötur og partítur fyrir einleiksfíðlu* árið 1703 og lauk þeim 1720. Verkið samanstendur af þremur sönötum og þremur partítum. Sönöturnar eru í fjórum þáttum í kirkjusönötu-stíl; *sonata da chiesa*, en partíturnar eru dansar. Partítan í d-moll er fjórða verkið í röðinni og er *Ciaccona* síðasti þáttur verksins.

Ciaccona, eða *Chaconne*, er dans í þrískiptum takti með áherslu á annað slagið. Auk þess er algengt að þrástef sé í bassa-línunni, stuttur hljómagangur sem er endurtekinn aftur og aftur. Dansinn mun eiga rætur sínar að rekja til Suður Ameríku og var hraður. Um miðja átjándu öld, þegar dansinn hafði verið þekktur í Evrópu um nokkurt skeið, var hann hins vegar orðinn mun hægari. Formið var vinsælt hjá tónskáldum sem vildu sýna hæfni sína í að skrifa tilbrigði vegna allra möguleikanna sem fólust í því að hafa þrástef í bassa. *Ciaccona* úr d-moll partítunni er án efa þekktasta tónverkið í þessum stíl og hefur hún verið umrituð fyrir hin ýmsu hljóðfæri.

Ítalski fiðlusnillingurinn og tónskáldið **Niccolò Paganini** samdi 24 *Kaprísur* fyrir einleiksfíðlu á árunum 1802–1817. Kaprísurnar eru eiginlega æfingar - etýður - og í hverri þeirra er megináhersla lögð á ákveðin tæknileg atriði. Kaprísa 9 ber gælunafnið *Veidiferðin* vegna þess að meginstefið minnir á hornaköll. Í henni er lögð áhersla á flókin tvígríp og *ricochet* strok - boginn er látinn detta á strenginn og skoppa undan eigin þunga. Kaprísa 11 er römmuð inn af hægri laglínu sem krefst mikillar færni í fjölröddun. Í Presto-kaflanum er lögð áhersla á fjölmörg hlaup og brotna hljóma í síbreytilegum tóntegundum.

Viktor Orri Árnason samdi *Vögguvísu fyrir fiðlu* fyrir mig í sumar með þessa efnisskrá sérstaklega í huga.

Ungverska tónskáldið **Béla Bartók** skrifaði Sönötu fyrir einleiksfíðlu veturinn 1943–1944 að beiðni bandaríska fiðluleikarans Yehudi Menuhin. Bartók skrifað verkið í New York borg og í Asheville í Norður Karólínu þar sem hann hlaut meðhöndlun við hvítblæði sem þó dró hann til dauða ári síðar. Menuhin frumflutti sönötuna í New York 26. nóvember 1944.

Bartók hafði mikinn áhuga á þjóðlagatónlist heimalands síns og tileinkaði mikið af ferlinum því að ferðast um Ungverjaland til að

Efnisskrá

Johann Sebastian Bach 1685 – 1750	Úr Partítu II BWV 1004 í d moll Ciaccona	
Niccolò Paganini 1782 – 1840	Kaprísa nr 9. í E dúr allegretto	
	Kaprísa nr. 11 í C dúr andante - presto - andante	
Viktor Orri Árnason f. 1987	Vögguvísa fyrir fiðlu – <i>frumflutningur</i> –	2013
Béla Bartók 1881 – 1945	Úr Sönötu fyrir einleiksfíðlu Sz. 117 Tempo di Ciaccona	
Eugène Ysa e 1850 – 1931	Sónata í e moll óp. 27. nr. 4 i Allemanda ii Sarabande iii Finale	

Hulda Jónsdóttir studied at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts, where she received her diploma in 2009. Subsequently, she was enrolled at the Juilliard School in New York from which she graduated with a Bachelor's degree this past spring. Her main teachers there were Robert and Nicholas Mann and David Chan. This fall she will continue her studies at Juilliard.

Hulda has appeared as a soloist with various orchestras in Iceland, including two performances with the Iceland Symphony Orchestra. She has performed as well in other European countries, North America and Asia. She enjoys playing contemporary music, and performs with the Skark string ensemble in Iceland. She has also performed with the New Juilliard Ensemble and the Axiom Ensemble at Juilliard.

Hulda plays a 1920 violin made by Vincenzo Sannino and with a bow by Victor Fétique on generous loan from the Rachel Elizabeth Barton Foundation in Chicago, from which she also received the foundation's career grant. This spring she received the 2013 grant from the Jean Pierre Jacquillat Memorial Fund.